

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 24. október 2013 kl. 15:00-17:00 í Nýja Garði

Mætt voru: Ragnheiður Kristjánsdóttir (SAGN), Auður Hauksdóttir (SVF), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Arnfríður Guðmundsdóttir (GUÐ), Höskuldur Þráinsson (MVS) (kom á fund undir lið 5), Irma Erlingsdóttir (EDDA), Ármann Jakobsson (B&L), Kolfinna Jónatansdóttir (DOKT), Róbert Haraldsson (HEIM), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Vilhjálmur Árnason (SIÐ) boðuðu forföll. Guðni Elísson (RIKK) mætti ekki.

Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Þarf að laga dagsetningu en að öðru leyti samþykkt.

2. *Vísindanefnd Háskólaráðs*: Vísindanefnd Háskólaráðs hefur fundað einu sinni frá því IE varð fulltrúi Hugvísindasviðs. IE sagði frá fundinum og starfi nefndarinnar framundan.

3. *Reglur Rannsóknasjóðs Hugvísindastofnunar fyrir næstu úthlutun*: Umræða um hvort breyta ætti viðmiðum fyrir úthlutun styrkja til þýðinga eða málfarsaðstoðar (liður 5 í reglum sjóðsins). Ákveðið að skoða betur fyrir umsóknafrest vorið 2014 og fá fyrir þá umræðu yfirlit yfir tímarit sem eru í 15 stiga flokki í matskerfi HÍ. Samþykkt samhljóða að auglýsa óbreyttar reglur fyrir umsóknafrest 1. desember 2013.

4. *Ferðastyrkir doktorsnema*: MG kynnti tillögu um breytingar á reglum um ferðastyrki doktorsnema. Málið var rætt og það fulltrúi doktorsnema um að fá að ræða breytingatillögurnar í félagi doktorsnema. Tillagan samþykkt einróma og afgreiðslu frestað.

5. *Stefna sviðsins í rannsóknnum*: ÁE gerði grein fyrir málinu. Á næsta sviðsþingi, sem verður væntanlega í byrjun desember, verður stefna sviðsins næstu árin til umræðu. Rannsóknir eru hluti af stefnu sviðsins og höfðu fulltrúar rannsóknastofnananna í stjórn Hugvísindastofnunar ásamt fulltrúa doktorsnema verið beðnir um að senda inn tillögur að efnisatriðum í næstu stefnu. Tillögur bárust frá Félagi doktorsnema, SVF, B&L, GUÐ, EDDU og HEIM. ESS lagði fram yfirlit yfir helstu atriði í stefnu sviðsins 2009-2013 sem snerta rannsóknir og doktorsnám með athugasemdum um hvernig hefur gengið að framfylgja þeim. Talsverð umræða varð um rannsóknáherslur þar sem m.a. var rætt um:

1. Þátttöku nemenda á öllum stigum í rannsóknnum á sviðinu.
2. Kynningarviðburði fyrir rannsóknnum og þáttaka þeirra í Hugvísindasþingi.
3. Suðning fyrir nýja kennara til að komast vel af stað í rannsóknnum (m.a. með kennsluafslætti).
4. „Meðlagsstyrki“ með birtingum.
5. Sambirtingar nemenda og kennara.
6. Hvort stefnan eigi að snúast um ákveðin rannsóknaverkefni eða vera almennari.
7. Hvort stofnanirnar þurfi meiri stuðning við stjórnslu.
8. Þátt nýdoktora í rannsóknnum á sviðinu.
9. Aukið samstarf við stofnanir utan HÍ.

Ákveðið að ræða málið áfram á fundi í lok nóvember til að undirbúa sviðsþingið. Þangað til verður hægt að senda inn nýjar tillögur fyrir stefnuna.

4. Önnur mál: Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:00